

Föstudaginn 17. okt. 1924.

Nr. 20/1924.

H. Benediktsson & Co.

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Verslun Böðvarssona

(Lárus Fjeldsted).

Útaf kröfu áfrýjanda um að fá sjer greitt andvirði salts, er stefndi hafði keypt og fengið afhent af þriðjamanni, er stefndi borgaði með skuldajöfnuði.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 22. mars 1924: Stefndur, Ólafur Böðvarsson f. h. „Verslun Böðvarssona“, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Hallgríms Benediktssonar f. h. firmans H. Benediktsson & Co. í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir ekki leitt sönnur að því, gegn mótmælum stefnda, að stefndi hafi vitað annað en að Ólafur V. Davíðsson, sem aðiljum kemur saman um, að þá hafi staðið í skuld við hann, seldi saltið fyrir sjálfan sig. Ber því að telja stefnda hafa haft rjett til að greiða andvirði saltsins til Ólafs með innieign sinni hjá honum.

Í hjeraði er því ómótmælt haldið fram af hálfu stefnda, að hann hafi um áramótin 1920/1921 sent Ólafi V. Davíðssyni reikning yfir viðskifti þeirra til þess tíma og fært Ólafi til tekna andvirði saltsins og jafnað þannig skifti þeirra. Þessu er að visu mótmælt fyrir hæstarjetti, en þau mótmæli eru of seint framkomin, og verður því ekkert tillit tekið til þeirra. Við reikningsskil stefnda voru engar athugasemdir gerðar fyr en nálægt ári síðar, eða um áramótin 1921/1922. Fyrir þessa sök hafði stefndi

einnig fulla ástæðu til að líta svo á, að reikningskil hans væru tekin gild og skuldajöfnuður hans samþykktur, og að hann væri því laus við saltskuldina, eins og hann hefði greitt hana í peningum gegn kvittun berum orðum gefinni.

Það, sem gerst hefir með þessum hætti milli stefnda og Ólafs Davíðssonar, skuldbatt áfrýjanda, og með því að hin nýju gögn, er lögð hafa verið fram hjer í dóm, breyta eigi heldur neinu um úrslitin, ber að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda um greiðslu á hinni umstefndu upphæð í þessu máli. Hæstirjettur felst eftir atvikum á málskostnaðarákvæði hins áfrýjanda dóms, og verður því að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og þykir hann hæfilega metinn kr. 300.00.

Það er aðfinnsluvert, að málflytningsmenn aðilja hafa í hjeraði fengið fresti á fresti ofan án þess að nokkrar ástæður sjeu færðar fyrir því, og hefir málsmedferð frá þingfestingu til dómtöku staðið yfir frá 1. nóv. 1922 til 27. febr. 1924, eða 16 mánuði alls.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, H. Benediktsson & Co., greiði stefnda, Verslun Böðvarssona, í málskostnað fyrir hæstarjetti kr. 300.00.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með skírskotun til laga nr. 59/1905 af hálfu stefnanda og með samþykki stefnds höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 10. október 1922 af Hallgrími Benediktssyni, heildsala, f. h. firmans H. Benediktsson & Co. hjer í bænum gegn Ólafi kaupmanni Böðvarssyni í Hafnarfirði f. h. „Verslunar Böðvarssona“ s. st. til greiðslu skuldar fyrir útteknar vörur, að upphæð kr. 4681,80 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1921 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist algjörðrar sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu eftir taxa málaflutningsmannafjelagsins.

Málavextir eru þeir, að vorið 1920 átti „Verslun Böðvarssona“ í Hafnarfirði inni hjá firmanu Davíðsson & Hobbs s. st. og taldi erfitt að fá inneign sína frá firmanu greiðda í peningum. Um þessar mundir fjekk verslunin, að því er stefndur ómótmælt heldur fram, fyrirspurn um það frá Kaupfjelinu „Fram“ í Vestmannaeyjum hvort hún gæti selt kaupfjelinu mótorbátsfarm af salti og flutt hann til Vestmannaeyja. Kveðst stefndur þá hafa átt nóg salt sjálfur, en kosið heldur að kaupa þennan farm hjá Davíðsson & Hobbs til að jafna viðskifti þeirra, og sendi síðan mótorkutter sinn Ísafold með saltið til eyja.

Hinsvegar hafði firmað H. Benediktsson & Co. hjer í bænum ásamt Bernhard kaupmanni Petersen fengið farm af þýsku salti í apríl byrjun. Var 750 smálestum af þessu salti skipað upp í Hafnarfirði. Var samið svo um við Ólaf V. Davíðsson, kaupmann í Hafnarfirði, að hann skyldi annast uppskipun, geymslu, afhendingu og útskipun á salti þessu fyrir umsamið verð, selja það síðan eða Hallgrímur Benediktsson fyrir 135 krónur smálestina og fá $\frac{1}{3}$ part af ágóðanum af sölu saltsins í sinn hlut. Greiðsla öll fyrir selt salt skyldi ganga jafnóðum til H. Benediktssonar og Ólafur Davíðsson vera „ansvarlegur“ fyrir rjettri afhendingu á því er móttekið var, að undanskildri edlilegri rýrnun.

Það er nú in confesso í máli þessu, að salt það, er stefndur fjekk — 34680 kg. á kr. 135,00 pr. tonn — kr. 4681,80 — og sendi til Vestmannaeyja, var af þýska saltinu frá H. Benediktssyni. Hefir hann því höfðað mál þetta gegn stefndum og gjört rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki vitað betur en að salt það, er hann fjekk, væri frá Davíðs-

son & Hobbs og að hann hafi tekið það til þess að ná inn eign sinni hjá því firma, og myndi alls ekki hafa tekið saltið ef hann hefði vitað að það væri eign annars en þess firma, þar sem hann hafi selt það án hagnaðar til Vestmannaeyja.

Máli sínu til stuðnings heldur hann því fram, að Ólafur Davíðsson hafi beint sagt sjer að hann sætti saltið og að hann hafi fengið reikning yfir það frá Davíðsson & Hobbs, og eftir staðfestum útdrætti úr frumbók stefnds, sem hann hefir lagt fram í málinu, hefir hann, 24. apríl, debiterað Kaupfjlagið „Fram“ í Vestmannaeyjum fyrir 34,68 smálestum af salti fyrir kr. 4681,80 frá Davíðsson & Hobbs og flutningsgjaldi á því til Vestmannaeyja. Hann kveður saltið hafa verið látið úti úr húsi er Davíðsson & Hobbs hafði umráð yfir og af manni sem var í þjónustu fjelagsins, án þess að nokkur mintist á það við sig, að það væri eign annars en fjelagsins. Hann kveður bryggjuvörð Ólafs Davíðssonar, sem afhenti saltið, hafa átt tai við sig um greiðslu saltsins einu sinni í októbermánuði 1920 og þá talið það eðlilegt að andvirði gengi upp í skuld Ólafs við sig. Síðan hafi hann ekki verið krafinn um andvirði saltsins fyrri en stefndi tjáði honum að það hefði verið sin eign og krafði hann um borgun í janúar 1922, en þá mótmælti hann kröfunni jafnharðan.

Stefnandi hefir haldið því fram að stefndur hafi vitað, eða að minsta kosti átt að vita, að firmað Davíðsson & Hobbs var ekki eigandi saltsins, heldur hann, en að álitu rjettarins hefir honum ekki, hvorki með framburði vitna þeirra, sem yfirheyrð hafa verið í því, eða með öðrum upplýsingum, sem frá hans hendi liggja fyrir í málinu, tekist að hnekkja þeirri skýrslu og staðhæfingu stefnds, að honum hafi verið ókunnugt um annað, en að Ólafur Davíðsson, sem hann samdi um saltkaupin við, eða firmað Davíðsson & Hobbs, sætti saltið, og verður hann þá ekki dæmdur til að greiða öðrum andvirði þess.

Það verður því að álitu rjettarins að sýkna stefndan af kröfum stefnandans í málinu, en með tilliti til þess, að stefndur hefir ekki orðið við þeirri kröfu stefnanda, að leggja fram í málinu reikning þann frá Davíðsson & Hobbs yfir saltið, er hann tjáist hafa fengið, þykir málskostnaður mega falla niður.